

1. Tillaga að ályktun um vigtarmál

38. hafnasambandsþing haldið í Vestmannaeyjum 20. og 21. september 2012 mótmælir harðlega þeim áformum að veita Fiskistofu heimild til að beita stjórnarsýslusektum á hafnir og starfsmenn hafna, sbr. 45 gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, og telur hafnasambandsþingið algjörlega ótækt að hafa þetta ákvæði hangandi yfir starfsmönnum hafnanna.

Ekki er fundið að eðlilegu og nauðsynlegu eftirliti eftirlitsstofnunar en varað er fast við að færa eftirlitsstofnun óheft vald til huglægs mats á alvarleika brota ásamt ákvörðunar sekta og telur það ekki aðeins varhugavert, heldur til þess fallið að draga verulega úr réttaröryggi.

Hafnasambandsþing bendir á að á sama tíma og þessar breytingartillögur liggja fyrir krefst ríkisvaldið ómældrar vinnu af höfnum landsins, án nokkurrar þóknunar, og sýnir störfum löggiltra vigtarmanna hafnanna tortryggni og takmarkað traust. Jafnframt bendir hafnasambandsþingið á, að lögbundið hlutverk Fiskistofu og annara aðila sem fara með lögregluvald er að halda upp löggæslu og eftirliti, en það er ekki hlutverk starfsmanna hafna landsins.

2. Tillaga að ályktun um endurskoðun hafnalaga

38. hafnasambandsþing haldið í Vestmannaeyjum dagana 20. og 21. september 2012 beinir þeim tilmælum til innanríkisráðherra að á haustþingi 2012 verði lagt fram frumvarp til breytinga á hafnalögum, sem grundvallast á tillögu fulltrúa Hafnasambands Íslands í nefnd ráðherra um efnið. Hafnasambandsþing telur mikilvægt að þátttaka ríkisins í endurnýjun og nauðsynlegum stofnframkvæmdum við hafnir sé óhjákvæmileg og hvetur til þess að samhliða frumvarpi verði lögð fram tillaga að reglugerð um framkvæmd laganna í þessu efni.

3. Tillaga að ályktun um Stofnun hafs og stranda

38. hafnasambandsþing haldið í Vestmannaeyjum dagana 20. og 21. september 2012 skorar á innanríkisráðherra að hefja nú þegar undirbúning að myndun *Stofnunar hafs og stranda*.

Það er skoðun Hafnasambands Íslands að innan *Stofnunar hafs og stranda* myndi þjónusta við hafnir og sérþekking á málefnum hafna geta verið af þeim gæðum sem verið hefur innan Siglingastofnunar. Meginrök Hafnasambands Íslands fyrir *Stofnun hafs og stranda* eru eftirfarandi:

- ✓ Þjóð sem umlukin er hafi, sækir stærstan hluta efnahags síns til auðlinda hafsins og treystir að mestu á aðföng og útflutning með skipum, er afar mikilvægt að eiga og reka stofnun með sérþekkingu á hafi og ströndum.

- ✓ Ætla má að sameinuð verkefni og starfsemi stofnana, sem vinna að rannsóknum á hafinu, eftirliti nær og fjær ströndum, bráðaáðgerðum, rekstri leiðsögu-, vöktunar- eftirlits og upplýsingakerfa og framkvæmdum eigi að leiða til hagræðingar í rekstri og aukinna gæða.

4. Tillaga að ályktun um stefnumótun í málefnum hafna

38. hafnasambandsþing haldið í Vestmannaeyjum dagana 20. og 21. september 2012 beinir því til innanríkisráðherra að skipaður verði starfshópur sem vinni að stefnumótun fyrir íslenskar hafnir á grundvelli þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2011–2022. Mikilvægt er að íslenskar hafnir uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til þeirra sem mikilvægs hluta samgöngukerfis landsins. Stærstur hluti hagkerfis þjóðarinnar og framtíðar tækifæri í atvinnulífinu tengjast með einum eða öðrum hætti öruggum hafnarmannvirkjum. Því er mikilvægt að móta stefnu til lengri tíma sem tryggir afkomu hafnanna og fjárfestingargetu.

5. Tillaga að ályktun um skipulags- og umhverfismál

38. hafnasambandsþing haldið í Vestmannaeyjum dagana 20. og 21. september 2012 beinir því til umhverfis- og auðlindaráðherra að við setningu laga og reglna um skipulagsmál og umhverfismat framkvæmda verði gætt hófs í kröfum á þessu sviði og samhliða tekið mið af nauðsyn þess að minniháttar framkvæmdir og skipulagsbreytingar lúti ekki ósveigjanlegum og tímafrekum verkferlum. Sveigjanleiki í þróun hafnar- og atvinnusvæða er ekki síður mikilvægur en strangar umhverfis- og skipulagskröfur og því mikilvægt að taka tillit til þeirra sjónarmiða samhliða öðrum kröfum.

6. Tillaga að ályktun um efnahagsleg áhrif íslenskra hafna

38. hafnasambandsþing haldið í Vestmannaeyjum dagana 20. og 21. september 2012 felur stjórn Hafnasambands Íslands að láta kanna hvort mögulegt sé að gera úttekt á efnahagslegum áhrifum íslenskra hafna og vægi þeirra í íslensku atvinnulífi.

7. Tillaga að ályktun um strandsiglingar

38. hafnasambandsþing haldið í Vestmannaeyjum dagana 20. og 21. september 2012 fagnar því, að innanríkisráðherra hafi ákveðið að bjóða út strandsiglingar á næstunni á grundvelli niðurstöðu nefndar sem fjallaði um þau mál.